

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 301/2022

frá 9. desember 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/709 frá 6. maí 2022 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/710 frá 6. maí 2022 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/711 frá 6. maí 2022 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/719 frá 10. maí 2022 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/727 frá 11. maí 2022 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 135, 12.5.2022, bls. 1.

7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 214. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/741) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „215. **32022 R 0709**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/709 frá 6. maí 2022 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 6).
216. **32022 R 0710**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/710 frá 6. maí 2022 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 9).
217. **32022 R 0711**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/711 frá 6. maí 2022 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 12).
218. **32022 R 0719**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/719 frá 10. maí 2022 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 1).
219. **32022 R 0727**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/727 frá 11. maí 2022 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 135, 12.5.2022, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2022/709, (ESB) 2022/710, (ESB) 2022/711, (ESB) 2022/719 og (ESB) 2022/727, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING